

Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis.
B.t. Ögmundar Jónassonar.
Alþingi við Austurvöll.

Reykjavík, 22. september 2016.

Meðfylgjandi er skýrsla mín um einkavæðingu bankanna hina síðari. Á fundi fjárlaganefndar 21. september sl. samþykkti meiri hluti nefndarinnar að vísa skýrslunni til stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar.

Þess er óskað að stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd leggi fyrir Alþingi þingsályktunartillögu um að skipuð verði rannsóknarnefnd samkvæmt lögum nr. 68/2011 til að rannsaka seinni einkavæðingu bankanna.

Umræða um skýrsluna hefur verið um form hennar en ekki efni frá því að hún var kynnt blaðamönnum og fjárlaganefnd fyrir um viku. Þetta er miður, enda ljóst að mikilvægar nýjar upplýsingar koma fram í skýrslunni. Á það ekki síst við um 140 blaðsíður af fylgiskjölum. Rétt er að taka fram að skýrslan hefur tekið breytingum hvað varðar orðalag og framsetningu frá því að hún var fyrst birt í samræmi við yfirlýsingar formanns og varaformanns fjárlaganefndar í liðinni viku.

Skýrslan felur í sér mikilvægt efni af ýmsu tagi:

- (i) Í fyrsta lagi byggist hún á gögnum sem hafa ekki áður verið gerð opinber.
- (ii) Í öðru lagi byggist hún á svörum frá opinberum stofnunum, þ.e. Fjármálaeftirlitinu, Ríkisendurskoðun, Fjársýslu ríkisins, Bankasýslu ríkisins, fjármála- og efnahagsráðuneytinu og forsætisráðuneytinu.
- (iii) Í þriðja lagi geymir hún fundargerðir samræmingarnefndar stjórnvalda (Coordination Committee).

Einnig skal bent á að mikilvægt er að aflétta leynd af gögnum er málið varða og eru varðveitt á nefndasviði Alþingis.

Rétt er að leggja sérstaka áherslu á að skýrsla sem Brynjar Nielsson þáverandi varaformaður stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar vann og birti í febrúar 2015 vegna kvörtunar Víglundar Þorsteinssonar nýtist ekki sem rök fyrir því að skipun rannsóknarnefndar sé nú óþörf.

Vegna fyrirspurnar Oddnýjar Harðardóttur alþingismanns og formanns Samfylkingarinnar, sem lögð var fram á fundi fjárlaganefndar 14. september, skal eftirfarandi tekið fram:

- (i) Vinnu við gerð skýrslunnar var stýrt af formanni fjárlaganefndar.

- (ii) Kostnaður við gerð skýrslunnar vegna sérfræðiaðstoðar var 90.000 kr.
- (iii) Fjárlaganefnd er ekki rannsóknarnefnd og boðar ekki einstaklinga til skýrslugjafar.

Þá er rétt að taka fram að skýrslan hefur kallað fram viðbrögð innan stjórnarsýslunnar sem ekki verða rakin á þessari stundu, enda hefur erindi vegna þeirra nú þegar verið beint til réttbærs yfirvalds.

Virðingarfyllst,

Vigdís Hauksdóttir, alþingismaður og formaður fjárlaganefndar.

Afrit:
Umboðsmaður Alþingis.
Templarasundi 5, 101 Reykjavík.